

Live From Iceland ehf.
Hólagötu 2a
190Vogar

Reykjavík, miðvikudagur, 7. júlí 2022
UST202206-273/Þ.B.S.
09.06.01

Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Gullfoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Live From Iceland ehf., dagsett 27. júní 2022, um uppsetningu vefmyndavélar við Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til að setja upp vefmyndavél ofan á hömrum til móts við Gullfoss, þar sem vefmyndavél var áður staðsett. Að verkefninu koma 2 starfsmenn og mun uppsetningin fara fram þegar leyfi hefur verið gefið út.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefni ætti ekki að hafa áhrif á verndargildi né náttúrufar svæðisins og gestir ættu ekki að verða fyrir truflun á meðan framkvæmd stendur yfir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Live From Iceland fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu vefmyndavélar við Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Gæta skal að því að myndavélin verð sett upp þannig að framkvæmdin verði afturkræf og lítið beri á myndavélinni í umhverfinu. Setja myndavél þar sem myndavél var áður staðsett.
- Starfsmenn verkefnisins verði í merktum fatnaði þar sem þörf er að fara utan göngustíga.
- Tryggja skal að ekki verði skilið eftir rusl. Ganga skal vel frá svæðinu og ekki skilja eftir víra eða annað.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir
teymisstjóri